



Hr. Guðni Ágústsson
formaður Framsóknarflokksins
Hverfisgötu 33
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Reykjavík 4. september 2007
Tilv.: FOR07080044/300

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að unnið verði að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar. Einn liður í þeim áformum er að endurskoða þau verkefni sem hver og einn ráðherra hefur með höndum með það fyrir augum að ráðuneyti séu öflugar og skilvirkar einingar. Þegar ríkisstjórnin var mynduð var greint frá megindráttum í endurskoðaðri verkaskiptingu. Í kjölfarið var lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og var það samþykkt sem lög nr. 109/2007. Þar voru landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð, Hagstofa Íslands lögð niður sem ráðuneyti og nöfnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis breytt til samræmis við áformaðan verkefnaflutning. Þær breytingar taka gildi um næstu áramót. Einnig var heimilað að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta. Er sú heimild til þess fallin að auðvelda enn frekari hagræðingu innan Stjórnarráðs Íslands í framtíðinni.

Eins og til stóð hefur ríkisstjórnin notað sumarið til að útfæra nánar endurskoðaða verkaskiptingu ráðherra í fullu samræmi við það sem þegar hefur verið boðað. Eins og yður er kunnugt, þá er kveðið á um verkaskiptingu milli ráðherra í Reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Forsætisráðherra mun undirbúa breytingar á henni sem ætlað er að taki gildi um næstu áramót. Í mörgum tilfellum kallar verkefnatilfærsla einnig á breytingar á sérlögum, vegna þess að tiltekinna ráðherra er þar getið sérstaklega, og mun ríkisstjórnin flytja heildstætt frumvarp þar að lútandi nú í haust. Einnig má gera ráð fyrir því að í einhverjum tilfellum þurfi að flytja frumvörp til nýrra sérlaga eins og varðandi Hagstofu Íslands og málefni Keflavíkurflugvallar. Þingmönnum munu því að sjálfsögðu gefast eðlileg tækifæri til að fjalla um áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Cæis H. Haarde